

Norðurþing  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík 3. júlí 2018  
UST201805-260/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Fjöll 2 – Kelduhverfi - Norðurþing**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings þar sem óskað er umsagnar umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar við Fjöll 2 í Kelduhverfi.

Í upphafi lýsingar kemur fram að árið 1985 voru skipulagðar fjórar lóðir í hrauni austan við Fjöll 2. Svæðið hefur verið girt af og reist hafa verið frístundahús á þremur lóðum.

Einnig kemur fram að heimild er fyrir skipulag á tíu lóðum sem ekki hefur hlotið formlegt gildi. Ekki kemur fram hvers konar heimild er fyrir lóðunum tíu né af hverju skipulagið hefur ekki hlotið formlegt gildi.

Þar sem ofangreint skipulag er á hraunsvæði bendir Umhverfisstofnun á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd njóta eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.laganna. Skv. ofangreindum lögum ber að forðast röskun ofangreindra jarðminja er njóta sérstakrar verndar. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að tekið verði tillit til hraunmyndana þegar frístundasvæðið er skipulagt.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Agnar B Bragason  
Sérfræðingur